



Alþingi
Erindi nr. P 139/1995
komudagur 8.4.2011

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 4. apríl 2011
Tilv.: 1103115

Umsögn frá Háskólanum á Akureyri um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn,
þingskjal 967, 575 mál.
Dr. Árún Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs HA, tók saman umsögnina.

Fyrst af öllu viljum við þakka fyrir að fá tækifæri til að skoða frumvarpið og fögnum
því að allar heilbrigðisstéttir séu hafðar með í þessu frumvarpi.

Það er einkum eitt atriði sem við viljum gera athugasemdir við.

Í 13. gr. sem fjallar um *Faglegar kröfur og ábyrgð* er tiltekið að „Læknir ber ábyrgð á
læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur
umsjón með.“

Við leggjum til að strax á eftir þessari setningu komi; „Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð
á hjúkrun einstaklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með.“

Rökstuðningur:

Þetta er lagt til í ljósi þess að stundum virðist sá skilningur ekki vera fyrir hendi að
hjúkrunarfræðingar beri ábyrgð á hjúkrun sjúklinga, og fyrir kemur að aðrir en
hjúkrunarfræðingar eru ráðnir til til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir,
elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Við teljum að öryggi sjúklinga sé þar með stofnað í hættu.

Virðingarfyllt,

Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri.